

1058.stjórnarfundur VR

09.03.2011

Fundarsalur á 0.hæð í Húsi Verslunarinnar

Mættir á fundinn eru: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Sigríður Stefánsdóttir (SSt), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Birgir Már Guðmundsson (BMG), Guðrún Helga Tómasdóttir (GHT), Bjarni Þór Sigurðsson (BÞS), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Sigurður Sigfússon (SS), Bjarki Steingrímsson (BS), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Jón Magnússon (JM), Óskar Kristjánsson (ÓK), Jóhanna S. Rúnarsdóttir (JSR) og Hildur Mósesdóttir (HM).

Ritari: Arnþór Gíslason, þjónustufulltrúi á þjónustusviði VR.

Fundurinn er settur kl: 18:30 og hefst með því að KÖJ býður stjórnarmenn velkomna og kynnir dagskrá fundarins.

HM, BMG, JSR, ÓK, JM, GJÓ og BS leggja fram bókun. (fskj. 1)

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 1053. stjórnarfundar er samþykkt án athugasemda og undirrituð.

Fundargerð 1057. stjórnarfundar er samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Staðfesting trúnaðarmanna

Björk Ormarsdóttir	Radisonblue Hótel Saga	Endurkjör
Atli Þór Emilsson	Bakkinn Vöruhótel	Endurkjör
Rósmáry Úlfarsdóttir	VR	Endurkjör
Pórunn Björk Jónsdóttir	Vodafone	Endurkjör
Ruth Hinriksdóttir	Nýherji hf.	Endurkjör
Guðmundur Hilmarsson	Alþýðusamband Íslands	Endurkjör
Hafdís Erla Kristinsdóttir	Icelandair	Endurkjör
Svanhildur H. Hauksdóttir	Miklatorg hf. IKEA	Endurkjör
Jóhann Óskar Þórólfsson	Byko Reyðarfirði	Endurkjör
Haukur Bernhardsson	Flugger ehf.	Endurkjör

Trúnaðarmenn eru samþykktir án athugasemda.

3. Atvinnu – og kjaramál, kjarasamningar

KÖJ fór yfir stöðu mála í kjarasamningaviðræðunum og ræddi m.a. um málefni öryggisvarða í verslunum en nú stefnir í að þeir færist frá Eflingu í VR. Jafnframt ræddi KÖJ um málefni starfsmanna í fataverslunum, pakkalaun, almenn launakjör og möguleikann á því að gera starfsmannaviðtalið að skyldu vinnuveitenda. KÖJ lýsti því jafnframt yfir að hann teldi líklegt að farinn yrði svokölluð prósentuleið í kjarasamningunum en þó með lágmarks krónutöluhækkun sem væri á bilinu 10.000 – 15.000 kr.

- Umræður

4. Rannsóknasetur verslunarinnar

KÖJ leggur fram þrjú skjöl þ.e. samstarfssamning um rekstur Rannsóknaseturs verslunarinnar, þjónustusamning Efnahags- og Viðskiptaráðuneytisins við Rannsóknasetur verslunarinnar og minnispunkta af fundi Rannsóknaseturs verslunarinnar þann 25.feb. 2011. Í framhaldi af því gerir KÖJ grein fyrir ósk Rannsóknasetursins um samstarfssamning til eins árs sem myndi innhalda 2.500.000 kr. styrk frá féluginu til setursins.

- Umræður

KÖJ ber tillöguna undir stjórn og er hún samþykkt einróma.

5. Varasjóður – fjárframlag 2011.

KÖJ opnar umræður um fjárframlag félagsins í varasjóð félagsmanna á aðalfundi félagsins árið 2011. Undir þessum dagskrárið eiga sér stað umræður um stöðuna á sjúkra- og orlofssjóði ásamt almennum umræðum um fyrirkomulag styrktarsjóða félagsins. Stjórnin samþykkir að fresta málínunum fram á næsta fund og fá sviðstjóra rekstrar- og upplýsingatæknisviðs félagsins til að taka saman upplýsingar um stöðu sjóðana ásamt tillögum á mögulegu fjárframlagi í varasjóðinn.

6. Kaup og sala íbúða og sumarbústaða

BV sem er formaður orlofsstjórnar leggur fram bréf dags. 20.11.2010 frá stéttarfélaginu Framsýn, verðmat Sigurðar S. Sigurðssonar á Furulundi 10s og Skarðshlíð 12d ásamt samantekt þar sem samburður er gerður á þessum tveim fasteignum.

BV óskaði eftir að stjórnin heimili kaup á sumarhúsi á Einarsstöðum og er það samþykkt einróma. Jafnframt er formanni félagsins veitt ótakmarkað umboð til að undirrita kauptilboð, kaupsamninga og afsöld svo og öll skjöl er varða sölu á Skarðshlíð 12, Furulundi 10s og orlofshúsi nr.6 á Einarsstöðum.

Eftirfarandi umboð eru samþykkt af stjórninni:

„Stjórn VR kt. 690269-2019 veitir Kristni Erni Jóhannessyni kt. 251266-4179 formanni VR fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita kauptilboð, kaupsamning og afsal svo og öll önnur skjöl er varðar sölu á Skarðshlíð 12 Akureyri.“

„Stjórn VR kt. 690269-2019 veitir Kristni Erni Jóhannessyni kt. 251266-4179 formanni VR fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita kauptilboð, kaupsamning og afsal svo og öll önnur skjöl er varðar sölu á orlofshúsi nr. 6 á Einarsstöðum.“

„Stjórn VR kt. 690269-2019 veitir Kristni Erni Jóhannessyni kt. 251266-4179 formanni VR fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita kauptilboð, kaupsamning og afsal svo og öll önnur skjöl er varðar sölu á Furulundi 10s Akureyri.“

Samþykkt var að halda fimm mínútna fundarhlé kl. 20:20

Fundur hófst að nýju kl. 20:30

7. Tilnefningar

a) Eir fulltrúaráð

KÖJ tilnefnir Magnús L. Jónsson, Kristinn Örn Jóhannesson og Jóhönnu E. Vilhelmsdóttur. Til vara eru Sigurður Sigfússon og Þorgerður Jóhannesdóttir.
Tillagan er samþykkt með tólf atkvæðum.

b) Ví – stjórn

KÖJ tilnefnir Sigríði Stefánsdóttur og er sú tillaga samþykkt einróma.
Þess skal geta að stjórn VÍ þarf jafnframt að samþykkja að Sigríður fái sæti í stjórninni.

8. Tölvupóstar Hildar Mósesdóttur

KÖJ leggur fram bókun. (*fskj. 2*)

Umræður

JSR leggur fram tillögu. (*fskj. 3*)

Tillaga JSR er borin til atkvæða og fimm eru sammála og tveir eru andvígir, hún er því felld þar sem 2/3 atkvæða þarf til þess að samþykkja frávik.

- Umræður

JSR leggur fram tillögu. (*fskj. 4*)

Tillaga JSR:

„Legg ég fram tillögu um að endurskoðendur Deloitte verði fengnir til að taka úttekt á allri aðkeyptri ráðgjafafjónustu síðustu fimm ár og greini hvaða verkefni voru keypt, hver bað um það og tímafjölda. Niðurstaða liggi fyrir í lok maí 2011 ef hægt er og leggist fyrir stjórn VR.“

- Umræður

Tillagan er samþykkt einróma.

- **Fundi er slitið kl. 22:40.**